

# Reglur um skipan kjörnefndar og framkvæmd stjórnarkjörs



## I. Um kjörnefnd

- 1. gr.** Reglur þessar eru settar með heimild í gr. 5.1. í samþykktum Almenna lífeyris-sjóðsins. Reglurnar gilda um og marka starfssvið kjörnefndar.
- 2. gr.** Hlutverk kjörnefndar er að sjá til þess að framkvæmd stjórnarkjörs sjóðsins fari rétt fram og í samræmi við ákvæði samþykpta sjóðsins og reglur þessar.
- 3. gr.** Framkvæmd stjórnarkjörs sjóðsins skal vera í höndum þriggja manna kjörnefndar, sem stjórn sjóðsins skipar ár hvert fyrir lok desembermánaðar. Kjörnefnd getur ákveðið að tilteknir starfsmenn sjóðsins sitji fundi hennar og aðstoði nefndina í störfum sínum. Nefndarmenn skulu í störfum sínum gæta hlutleysis í hvívetna. Stjórnarmaður sá er situr í kjörnefnd má til að mynda ekki vera í framboði til stjórnar í næstkomandi stjórnarkjöri. Um hæfi kjörnefndarmanna til meðferðar máls fer eftir grein 5.1 í samþykktum Almenna lífeyris-sjóðsins ásamt ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga. Stjórn er heimilt á hverjum tíma að skipa annan mann í stað skipaðs kjörnefndarmanns, annað hvort tíma-bundið eða varanlega, komi til þess að kjörnefndarmaður telji sig vanhæfan til meðferðar máls, eða ef kjörnefndarmaður óskar sjálfur eftir afturköllun skipunar sinnar eða ef kjörnefndarmaður andast.
- 4. gr.** Kjörnefnd skal kjósa sér formann úr hópi nefndarmanna á fyrsta fundi og skipta að öðru leyti með sér verkum. Kjörnefnd starfar frá desember og þar til stjórnarkjöri sjóðsins er lokið. Nefndin skal funda eins oft og þurfa þykir og rita fundagerðir.
- 5. gr.** Verði ágreiningur innan kjörnefndar ræður afstaða meirihluta kjörnefndar. Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund, en mikilvæga ákvörðun má þó aðeins taka þegar allir nefndarmenn hafa haft tók á að fjalla um málið.
- 6. gr.** Kjörnefnd er heimilt að leita til sitjandi stjórnar, undirnefnda stjórnar, framkvæmdastjóra og/eða annarra starfsmanna sjóðsins til að afla viðeigandi upplýsinga, sem nefndin telur nauðsynlegar til að gegna hlutverki sínu.

**7. gr.** Kjörnefnd er heimilt að leita utanaðkomandi ráðgjafar. Afla skal samþykkis stjórnar fyrir kostnaði.

**8. gr.** Á nefndarmönnum kjörnefndar hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, starfsmanna, sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum og eðli máls.

Þagnarskylda helst þó nefndarmaður láti af starfi.

Nefndarmenn skulu undirrita trúnaðar- og þagnarskyldusamning.

## **II. Framkvæmd kosninga**

**9. gr.** Framkvæmd kosninga skal fara fram í samræmi við samþykktir sjóðsins, sbr. sérstaklega gr. 5.1 og gr. 8.2. Við stjórnarkjör hverju sinni, skal taka mið af því að aðalstjórn sé skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni og varastjórn sé skipuð minnst einum fulltrúa af hvoru kyni.

Frambjóðandi til aðalstjórnar getur einnig gefið kost á sér í varastjórn.

Losni sæti varamanns eftir að framboðsfresti lýkur, skal sá frambjóðandi sem fær næst flest atkvæði í kjöri varamanns hljóta kosningu í laust sæti, að teknu tilliti til kynjahlutfalls. Takist ekki að kjósa varamann með þeim hætti, hefur kjörnefnd heimild til að boða nýja rafræna kosningu um laust sæti varamanns.

**10. gr.** Minnst sjö vikum fyrir ársfund skal stjórnarkjör auglýst á heimasíðu sjóðsins. Í auglýsingu skal óskað eftir framboðum og framboðsfrestur kynntur. Framboðsfrestur er 14 dagar. Í auglýsingu skal tímasetning á lokum framboðsfrests koma fram auk þess sem vakin skal athygli á hæfisskilyrðum 31. laga nr. 129/1997. Í auglýsingu skal greint frá því að fyrirkomulag kosninga verði með rafrænum hætti.

Framboð skulu berast kjörnefnd með sannanlegum hætti, svo sem í bréfi eða tölvupósti, fyrir lok framboðsfrests. Með framboði komi fram upplýsingar um nafn, kennitölu, netfang og símanúmer frambjóðanda. Jafnframt skal frambjóðandi tilgreina hvort framboð sitt sé til aðalstjórnar eða varastjórnar, eða aðallega til aðalstjórnar en varastjórnar til vara.

**11. gr.** Kjörnefnd skal funda hið fyrsta eftir lok framboðsfrests og taka fyrir þau framboð sem hafa borist. Kjörnefnd fer þá yfir og staðfestir kjörgengi framboða, og hefur til þess 7 daga eftir að framboðsfrestur rennur út. Staðfesting kjör-

nefndar á framboði felur í sér könnun á því hvort viðkomandi sé kjörgengur og hvort framboð hafi borist kjörnefnd fyrir lok framboðsfrests.

Kjörnefnd skal að auki leitast við að kanna hvort frambjóðandi uppfylli almenn og hlutlæg hæfisskilyrði sem gerð eru til stjórnarmanna lífeyrissjóða samkvæmt 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ef tilefni er til skal kjörnefnd leiðbeina frambjóðendum um hæfisskilyrði og þær kröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna í lögum og af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, sem og aðrar kröfur sem gerðar eru af hálfu eftirlitsaðila hverju sinni.

Ef kjörnefnd telur að hafið sé yfir vafa að frambjóðandi uppfylli ekki skilyrði 31. gr. laga nr. 129/1997 eða ef gögn vantar til að staðfesta kjörgengi þá skal honum gerð grein fyrir því og skal viðkomandi frambjóðandi fá 48 klukkustundir til þess að bæta úr. Ef hann bregst ekki við innan frestsins telst framboðið ógilt.

Ef sú staða kemur upp að framboð eru færri en þau sæti sem kosið er um í stjórn sjóðsins, skal kjörnefnd hafa heimild til að framlengja framboðsfrest.

Ef frambjóðendur eru jafn margir og kjósa skal, bæði í aðalstjórn og varastjórn, teljast þeir sjálfkjörnir og þarf þá stjórnarkjör ekki að fara fram. Kjörnefnd skal þá tilkynna um kjörið á heimasíðu sjóðsins eigi síðar en við ársfundarboð.

**12. gr.** Eftir að kjörnefnd hefur staðfest kjörgengi frambjóðenda skal hún bjóða þeim sem skilað hafa gildum framboðum til stjórnar að kynna framboð sitt á heimasíðu sjóðsins. Kynningarstjóri sjóðsins fer með framkvæmd framboðskynninga og skal eins og frekast er kostur tryggja jafnræði meðal frambjóðenda til stjórnar sjóðsins í þeim efnum.

**13. gr.** Minnst þremur vikum fyrir ársfund skal kjörnefnd staðfesta að verklag við útreikning á atkvæðavægi sjóðfélaga sé í samræmi við gr. 8.2 í samþykktum sjóðsins. Til að staðfesta að verklagið hafi verið fullnægjandi skal kjörnefnd a.m.k. kalla eftir neðangreindum upplýsingum frá starfsmönnum sjóðsins:

Uppreiknaðri stöðu á heildaratkvæðavægi, fjölda sjóðfélaga, heildaréttindum sjóðfélaga í sameignarsjóði miðað við áunnin réttindi, heildarinn eign sjóðfélaga í séreignarsjóði, fjölda sjóðfélaga yfir hámarksinn eign og heildarfjárhæð inneignar umfram hámarksinn eign.

Eftir að heildaratkvæðavægi sjóðfélaga er staðfest felur kjörnefnd starfsmönnum sjóðsins að sjá til þess að atkvæðavægið verði flutt í viðeigandi kosningakerfi sem uppfyllir kröfur nefndarinnar.

- 14. gr.** Premur vikum fyrir ársfund skulu gild framboð auglýst á heimasíðu sjóðsins.
- 15. gr.** Ársfundur skal boðaður samkvæmt gr. 7.2. í samþykktum tveimur vikum fyrir fundinn. Í fundarboði skal dagskrá kynnt, frambjóðendur tilgreindir og fyrirkomulag rafrænnar kosningar auglýst. Almennar leiðbeiningar kjörnefndar til sjóðfélaga um rafrænar kosningar skulu fylgja fundarboði sem birtist á heimasíðu sjóðsins. Fundarboð í dagblöðum skal fylgja tilvísun í hinar almennu reglur á heimasíðu sjóðsins. Tilgreina skal í fundarboði þann tíma sem hin rafræna kosning stendur yfir og greina skilmerkilega frá því hvenær henni lýkur.
- 16. gr.** Kosning meðal sjóðfélaga fer fram með rafrænum hætti um heimasíðu Almenna lífeyrissjóðsins í gegnum kosningavef en þar geta þeir kosið með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. Sjóðfélagar skulu fylgja nánari leiðbeiningum og ferli sem birtist þeim á kosningavef. Á þeim tíma skulu sjóðfélagar einnig eiga þess kost að greiða atkvæði rafrænt á skrifstofu sjóðsins á venjubundnum afgreiðslutíma, en slíkt er þó einungis mögulegt með því að viðkomandi sjóðfélagi skrái sig inn í kosningavef með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. Við rafrænt stjórnarkjör er ekki heimilt að kjósa á grundvelli umboðs.
- Stjórnarkjöri skal lokið fyrir ársfund og skal tímafrestur þess koma fram í auglýsingu kjörnefndar um rafrænt stjórnarkjör.
- Kjörnefnd skal láta semja almennar leiðbeiningar fyrir sjóðfélaga vegna rafrænna kosninga.
- 17. gr.** Um stjórnarkjör gilda reglur um meirihlutakosningu. Þeir teljast rétt kjörnir sem flest atkvæði fá, þó að gættum reglum um kynjahlutfall stjórnar.
- 18. gr.** Formaður kjörnefndar kynnir niðurstöður stjórnarkjörs á ársfundi sjóðsins. Meðfram kynningu niðurstaðna staðfestir formaður fyrir hönd kjörnefndar að stjórnarkjörið hafi farið fram í samræmi við samþykktir sjóðsins og reglur þessar.
- 19. gr.** Hægt er að kæra framkvæmd kosninga á þeim grunni að ekki hafi verið farið að reglum kjörnefndar með þeim hætti að líklegt megi telja að ágalli hafi haft áhrif á úrslit kosninganna. Skriflega rökstuddri kæru skal beint til stjórnar sjóðsins innan kærufrests sem rennur út þremur virkum dögum eftir að úrslit eru kunngjörð. Komi til þess að framkvæmd kosninganna er kærð skal stjórn skipa þrjá menn í úrskurðarnefnd. Sömu reglur gilda um hæfi þeirra sem sitja í úrskurðarnefnd og þeirra sem skipaðir eru í kjörnefnd. Úrskurðarnefnd skal

leysa úr kærum innan tveggja vikna frá því að nefndin kemur saman, þó eigi síðar en innan þriggja vikna frá því að kærufresti lauk.

- 20. gr.** Öll kjörgögn, bæði rafræn og ápreifanleg, skulu að jafnaði geymd í átta vikur eftir að kosningu lýkur, en lengur ef málefnaleg rök eru fyrir varðveislu þeirra. Gögn skulu varðveitt í samræmi við persónuverndarstefnu sjóðsins á hverjum tíma. Þó skulu upplýsingar sem birtast á heimasíðu sjóðsins verða aðgengi-  
legar áfram.

Komi fram kæra má óska eftir því að kjörgögn verði geymd lengur ef það er nauðsynlegt til þess að tryggja lögvarða hagsmuni kærandsins.

### **III. Önnur ákvæði**

- 21. gr.** Reglur þessar skulu staðfestar af stjórn sjóðsins og birtar á vefsvæði sjóðsins eigi síðar en samtímis því að auglýst er eftir framboðum.
- 22. gr.** Samþykki stjórnar sjóðsins þarf fyrir breytingum á reglum þessum.

Samþykkt af stjórn 24. janúar 2022.

# Undirritunarsíða

Ólafur Hvanndal Jónsson

Hulda Rós Rúriksdóttir

Davíð Ólafur Ingimarsson

Oddur Ingimarsson

Sigríður Magnúsdóttir

Oddgeir Ágúst Ottesen